



## Jafnréttisáætlun Hafnarfjarðarbæjar

### Aðgerðaáætlun í jafnréttismálum 2023-2027

Markmiðið með jafnréttisáætlun Hafnarfjarðarbæjar er að kynja- og jafnréttissjónarmið verði samþætt allri starfsemi bæjarins, sem stjórnvald, vinnuveitandi og þjónustuveitandi. Aðgerðaáætlunin byggir á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020, lögum um stjórnslu jafnréttismála nr. 151/2020, lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgeti, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu nr. 86/2018, jafnréttisstefnu Hafnarfjarðarbæjar sem samþykkt var í bæjarstjórn 1. febrúar 2017 og Evrópusáttmála um jafnrétti í sveitarfélögum og héruðum sem undirritaður var árið 2008.

### Hafnarfjarðarbær sem stjórnvald

#### Jafnrétti

Hafnarfjarðarbær er jafnréttissinnað og lýðræðislegt bæjarfélag sem tryggir öllum einstaklingum jöfn tækifæri og möguleika til áhrifa og þar sem fjölbreyttar þarfir eru viðurkenndar.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Framkvæmdaraðili	Tímarammi
Jafnréttismálin sett í farveg	Bæjarráð er ábyrgðaraðili jafnréttis- og mannréttindastefnu og ber að vera með jafnréttismál á dagskrá fjórum sinnum á ári	Bæjarstjórn	Starfshópur sem skipaður er af bæjarráði	Á hverjum ársfjórðungi
	Endurskoða jafnréttisáætlunina ári eftir næstu sveitarstjórnarkosningar	Bæjarráð	Starfshópur sem skipaður er af bæjarráði	Lokið í maí 2027
	Endurskoða jafnréttis- og mannréttindastefnu Hafnarfjarðarbæjar á 4 ára fresti	Bæjarráð	Starfshópur sem skipaður er af bæjarráði	Lokið í maí 2025
Öllum stofnunum, nefndum og ráðum bera að vinna samkvæmt jafnréttis- og mannréttindastefnu	Jafnréttisáætlunin kynnt fyrir stjórnendum og starfsfólki sveitarfélagsins og unnið eftir henni á viðkomandi fagsviði	Sviðsstjórar Stjórnendur	Allir stjórnendur	Lokið í desember 2023
	Jafnréttisáætlunin kynnt fyrir íbúum	Sviðsstjóri stjórnslu	Samskiptastjóri	Lokið í desember 2023
	Jafnréttis- og mannréttindasjónarmiðum sé fylgt eftir í hvívetna á grundvelli laga, samninga og sáttmála	Bæjarstjórn Sviðsstjórar	Allir stjórnendur	Alltaf
	Inntak jafnréttis- og mannréttindastefnu sé samþætt með virkum hætti inn í aðra stefnumótun á vegum bæjarins	Bæjarstjórn Sviðsstjórar	Allir stjórnendur	Alltaf



# Hafnarfjörður

## Þátttaka í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins

Við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum bæjarins skal hafa jöfn kynjahlutföll

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Framkvæmdaraðili	Tímarammi
Jöfn hlutföll kynja í nefndum, ráðum og stjórnnum	Taka saman upplýsingar um hlutfall kynja í nefndum, ráðum og stjórnnum	Sviðsstjóri stjórnslu	Starfsmenn jafnréttisnefndar	Lokið í maí ár hvert
	Leiðrétta ef hallar á annað kynið	Bæjarstjórn	Bæjarstjórn	Lokið í ágúst ár hvert
	Jafnrétti kynja haft að leiðarljósi við val á fulltrúum í vinnuhópa	Sviðsstjórar	Sviðsstjórar	Alltaf

## Greining gagna

Við gagnaöflun og undirbúning ákvarðana sem áhrif geta haft á stöðu kynjanna skal leitast við að taka mið af þörfum og viðhorfum allra kynja og greina afleiðingar með tilliti til jafnréttis

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Framkvæmdaraðili	Tímarammi
Upplýsingar um stöðu kynjanna innan Hafnarfjarðarbæjar séu aðgengilegar	Við söfnun og úrvinnslu gagna skal kyngreina upplýsingar og birta þegar og þar sem það á við	Sviðsstjórar	Hagdeild	Yfirfarið fyrir maí ár hvert

## Kynjasambætting

Áhersla er lögð á sambættingu kynjasjónarmiða í stefnumótun, áætlanagerð og þjónustu

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Framkvæmdaraðili	Tímarammi
Tryggt verði að sambætting jafnréttissjónarmiða eigi sér stað í allri stefnumótun, áætlanagerð og þjónustu bæjarins	Námskeið í kynjasambættingu fyrir bæjarstjórn, bæjarstjóra og aðra stjórnendur í sveitarfélagsins	Sviðsstjóri stjórnslu	Starfsmenn jafnréttisnefndar	Lokið 2024
	Kynja- og jafnréttissjónarmið séu sambætt í allri stefnumótunarvinnu	Sviðsstjórar	Sviðsstjórar	Alltaf
	Í fæti allra erindisbréfa verði texti þar sem vakin er athygli á jafnréttis- og mannréttindastefnu bæjarins	Sviðsstjórar	Sviðsstjórar	Alltaf
	Kynja- og jafnréttissjónarmið séu sambætt við fjárhagsáætlanagerð	Sviðsstjóri fjármálasviðs	Sviðsstjórar	Alltaf

## Hafnarfjarðarbær sem vinnuveitandi

### Launajafnrétti

Hafnarfjarðarbær skal vera eftirsóknarverður vinnustaður þar sem jafnrétti og jafnræði fólks er virt í hvívetna. Fólk af öllum kynjum skal njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf og gæta skal að ekki sé óútskýrður munur á launum starfsfólks.



## Hafnarfjörður

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Framkvæmdaraðili	Tímarammi
Tryggja launajafnrétti og að allar launaákvæðanir séu gegnsæjar, málefnalegar, skjalfestar og rekjanlegar	Launagreining unnin árlega	Sviðsstjóri stjórnsýslusviðs	Mannauðsstjóri	Árlega
	Viðhalda jafnlaunavottun	Sviðsstjóri stjórnsýslusviðs	Mannauðsstjóri	Árlega
	Leiðrétta óútskýrðan launamun kynjanna	Sviðsstjóri stjórnsýslusviðs	Mannauðsstjóri	Alltaf

### Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun

Laus störf skulu standa jafnt öllum kynjum til boða. Sérstök áhersla er lögð á að jafna hlut kynjanna í stjórnunar- og áhrifastöðum. Innan ákveðinna starfsgreina hjá Hafnarfjarðarbæ eru störf kynjaskipt. Til að jafna kynjahlutfallið í starfsgreinum skal það kynið sem er í minnihluta ganga fyrir við ráðningar þegar umsækjendur eru jafn hæfir. Við ráðningar er óheimilt að mismuna fólki á grundvelli kynbundinna þátta.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Framkvæmdaraðili	Tímarammi
Jafna hlutfall kynjanna í stjórnunarstöðum og í ákveðnum starfsgreinum hjá bænum þar sem störf eru kynjaskipt	Taka saman lykluþplýsingar um fjölda stjórnenda og starfsfólks eftir kyni innan ákveðinna starfsgreina og bregðast við kynjahlutfalli eftir því sem við á	Mannauðsstjóri	Mannauðsdeild	Janúar ár hvert
Laus störf á vinnustöðum sveitarfélagsins standi opin öllum kynjum	Atvinnuauðgýsingar skulu að jafnaði vera kynhlutlausar, en sé um að ræða störf þar sem hallar á annað kynið skal vekja athygli á því markmiði jafnréttisstefnunnar að jafna kynjaskiptingu innan starfsgreinarinnar sbr. 26. gr. jafnréttis laga	Mannauðsstjóri	Mannauðsdeild	Alltaf þegar starf er laust til umsóknar
Tryggja að starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun sé aðgengileg öllum kynjum	Nýta niðurstöður vinnustaðagreiningar til að fylgjast með því að öll fái jöfn tækifæri til endurmenntunar og starfsþjálfunar	Mannauðsstjóri	Viðkomandi stjórnandi	Lokið í maí ár hvert
Tryggja að fólk njóti sömu réttinda óháð aldri	Starfsfólki standi til boða símenntun og starfsþróun, óháð aldri	Allir stjórnendur	Allir stjórnendur	Alltaf
	Sveigjanleg starfslok, minnkað starfshlutfall eða störf við hæfi eftir því sem árin færast yfir	Mannauðsstjóri	Mannauðsstjóri	Lokið maí 2024
	Boðið uppá starfslokánámskeið	Mannauðsstjóri	Mannauðsdeild	Árlega
Standa fyrir jöfnum tækifærum hvað varðar starfsaðstæður, starfsþróun og símenntun starfsfólks af erlendum uppruna	Innflytjendur og fólk af erlendum uppruna njóti jafna tækifæra á við annað starfsfólk til starfsframa og starfsþróunar	Stjórnendur	Stjórnendur	Alltaf



## Hafnarfjörður

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Framkvæmdaraðili	Tímarammi
	Starfsfólki af erlendum uppruna sé gefinn kostur á starfstengdu íslenskunámi eftir því sem þörf er á	Mannauðsstjóri	Stjórnendur	Alltaf
	Starfsfólk af erlendum uppruna fái fræðslu um starfsáætlun, þjónustumarkmið og menningu vinnustaðarins	Stjórnendur	Stjórnendur	Alltaf
	Boðið verði uppá að sækja um starf hjá bænum á öðrum tungumálum en íslensku	Mannauðsstjóri	Mannauðsdeild	Alltaf

### Samræming atvinnu- og fjölskyldulífs

Í mannauðsstefnu bæjarins segir að gera þurfi starfsfólki kleift að samræma atvinnu- og fjölskyldulíf með sveigjanlegum vinnutíma, hlutastörfum eða tilfærslu í starfi, þar sem því verður við komið og að mismunandi fjölskylduáðstæðum sé sýndur skilningur s.s. vegna veikinda barna og umönnun aldraðra foreldra.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Framkvæmdaraðili	Tímarammi
Nýta kosti sveigjanleika á vinnustað til að auðvelda starfsfólki að samræma einkalíf, fjölskylduábyrgð og starf	Tryggja skal að starfsfólki sé ekki mismunað vegna barneigna og fæðingarorlofs	Stjórnendur	Stjórnendur	Alltaf
	Starfsfólk eigi kost á sveigjanlegum vinnutíma, hlutastörfum eða annarri hagræðingu vinnutíma eða vinnuskipulags þar sem því verður við komið og hentað getur bæði starfsmanni og starfsemi	Stjórnendur	Stjórnendur	Alltaf
	Kappkosta skal að halda ekki fundi á vinnustöðum í upphafi og lok vinnudags á þeim tíma sem líklegast er að starfsfólk nýti sveigjanleika í vinnutíma	Stjórnendur	Stjórnendur	Alltaf
	Allt starfsfólk hvatt til að nýta sveigjanleika, hlutastörf eða aðrar leiðir til að samræma vinnu og fjölskyldulíf	Stjórnendur	Stjórnendur	Alltaf
	Tryggja að stytting vinnuvikunnar sé að skila tilætluðum árangri og styðja stjórnendur við framkvæmd	Mannauðsstjóri	Mannauðsdeild	Alltaf



## Hafnarfjörður

### Kynbundið ofbeldi, kynbundin og kynferðisleg áreitni

Í jafnréttis- og mannauðsstefnu Hafnarfjarðarbæjar segir að fordómar, einelti og ofbeldi af hvaða tagi sem er og kynbundin og kynferðisleg áreitni sé ekki liðin.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Framkvæmdaraðili	Tímarammi
Koma í veg fyrir að fordómar, einelti, ofbeldi eða kynbundin og kynferðisleg áreitni viðgangist á vinnustöðum bæjarins	Vinna að stöðugum endurbótum á viðbragðsáætlun	Mannauðsstjóri	Mannauðsdeild	Eftir þörfum
	Fræðsla og þjálfun fyrir stjórnendur og öryggistrúnaðarmenn um viðbrögð við einelti og áreitni	Mannauðsstjóri	Mannauðsdeild	Annað hvert ár
	Mæling í vinnustaðagreiningu	Mannauðsstjóri	Mannauðsdeild	Í janúar ár hvert
	Bregðast við með smærri könnunum ef þörf krefur. Í kjölfarið unnar aðgerðaáætlanir með stjórnendum	Mannauðsstjóri	Mannauðsdeild	Eftir þörfum

### Unnið gegn mismunun á vinnustöðum og möguleikar fólks með mismunandi starfsgetu auknir

Markvisst verði unnið gegn allri mismunun á vinnustöðum bæjarins, m.a. með því að tryggja framboð starfa, vinnufyrirkomulag, vinnutíma og starfsaðstöðu sem hentar fólki með mismunandi starfsgetu

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Framkvæmdaraðili	Tímarammi
Tryggja rétt fólks með fötlun á vinnustöðum og skapa fordómalaust andrúmsloft í garð einstaklinga með fötlun	Umsækjandi með fötlun skal njóta forgangs í störf hjá bænum sé hann jafn hæfur eða hæfari en aðrir umsækjendur	Mannauðsstjóri	Mannauðsdeild	Alltaf
Fólki með mismunandi starfsgetu verði í auknum mæli gert kleift að starfa hjá Hafnarfjarðarbæ	Samstarf við VMST vegna „Atvinnu með stuðningi“	Sviðsstjóri barna- og fjölskyldusviðs	Stjórnendur	Alltaf
	Greina til hvaða ráðstafana þarf að grípa svo hægt sé að auka framboð starfa fyrir fólk með skerta starfsgetu	Mannauðsstjóri	Stjórnendur	Alltaf
Tryggja starfsfólki af erlendum uppruna jafnræði og jafnrétti á við annað starfsfólk bæjarins	Fólk af erlendum uppruna njóti jafnréttis í hvívetna í ráðningarferli, kjörum og réttindum	Stjórnendur og mannauðsstjóri	Sami aðili og ábyrgðaraðili	Alltaf

## Hafnarfjarðarbær sem veitandi þjónustu

Hafnarfjarðarbær starfrækir ýmsa þjónustu fyrir bæjarbúa, bæði lögbundna og ólögbundna þjónustu sem mörkuð er með ákvörðunum bæjarstjórnar. Allir bæjarbúar eiga óháð kyni að hafa jafnan aðgang að þjónustu bæjarins. Við ákvarðanir um tilhögun þjónustu skal tekið mið af þörfum allra kynja og áhrifum ákvarðana á stöðu þeirra.



# Hafnarfjörður

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Framkvæmdaraðili	Tímarammi
Flétta jafnréttissjónarmið saman við þjónustu bæjarins þannig að hún ýti undir jafnrétti meðal íbúa	Öll eiga óháð kyni, kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgeti, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu jafnan aðgang að þjónustu bæjarins	Bæjarstjórn	Allt starfsfólk bæjarins	Alltaf
	Í kynningarefni bæjarins skal myndefni endurspeglja fjölbreytileika samfélagsins	Þjónustu- og þróunarsvið	Samskiptastjóri	Alltaf
Allt uppeldis- og tólmundastarf, menntun og fræðsla sem er á ábyrgð Hafnarfjarðarbæjar og stofnana hans skal hafa jafna stöðu kynjanna að leiðarljósi	Fræðsla um jafnrétti sé hluti af skólastarfi og sé nánar útfærð í skólanámskrám	Sviðsstjóri mennta- og lýðheilsusviðs	Skólastjórnendur	Alltaf
	Jafnréttisfræðsla skal fara fram á öllum skólastigum	Sviðsstjóri mennta- og lýðheilsusviðs	Skólastjórnendur	Alltaf
	Börnum og unglingum skal veitt hvatning til að rækta hæfileika sína og persónuþroska	Skólastjórnendur	Starfsfólk mennta- og lýðheilsusviðs	Alltaf
	Fræðslufirvöldum í Hafnarfirði og starfsfólki félags- og tólmundastarfs ber að leitast við að styrkja jákvæða kynmynd barna og vinna gegn skaðlegum áhrifum samfélagsmiðla	Sviðsstjóri mennta- og lýðheilsusviðs	Starfsfólk mennta- og lýðheilsusviðs	Alltaf
	Að kennsluhættir og val á námsefni endurspeglar fjölbreytileika samfélagsins og hafi jafnan rétt allra að leiðarljósi.	Skólastjórnendur	Starfsfólk skóla	Alltaf
Styrkir Hafnarfjarðarbæjar til félagasamtaka eru bundnir því skilyrði að kynjum sé ekki mismunað	Nefndum og ráðum bæjarins, sem auglýsa styrki til umsóknar, er skylt að gæta jafnréttissjónarmiða við úthlutun þeirra	Bæjarráð	Nefndir og ráð	Alltaf
	Krefja viðtakendur styrkja um greinargerð á ráðstöfun hans til að fylgjast með því að hann sé nýttur á jafnréttisgrundvelli	Bæjarráð	Sviðsstjóri hvers sviðs sem veitir styrk	Mars ár hvert
	Tryggja að félagasamtök sem njóta aðstöðu, styrkja eða annarra gæða sem bærinn lætur í té, svo sem til íþróttaiðkunar, gæti jafnréttis í hvívetna	Bæjarráð	Íþróttta- og tólmundafulltrúi	Mars hvert ár



# Hafnarfjörður

## Eftirfylgni

Hafnarfjarðarbær einsetur sér skipulega miðlun þekkingar innan bæjarins og nýtir hana til að bæta þjónustu, vinna gegn fordómum, efla jafnrétti á vinnustöðum og fræða bæjarbúa.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Framkvæmdaraðili	Tímarammi
Eftirlit og aðhald með kynja- og jafnréttissjónarmiðum	Árlega sé farið yfir niðurstöður allra verkefna með bæjarráði	Sviðsstjóri stjórnslusviðs	Starfsmenn jafnréttisnefndar	Fyrsta ársfjórðungi ár hvert
	Árlega farið yfir niðurstöður allra verkefna með sviðsstjórum	Sviðsstjóri stjórnslusviðs	Starfsmenn jafnréttisnefndar	Lokið maí ár hvert
	Árlega sett samantekt á Workplace um stöðu þeirra verkefna sem eru í jafnréttisáætluninni	Mannauðsstjóri	Starfsmenn jafnréttisnefndar	Lokið maí ár hvert

Jafnréttisáætlun sveitarfélaga skal endurskoða á fjögurra ára fresti. Jafnréttisáætlun Hafnarfjarðarbæjar verður lögð fyrir bæjarstjórn til samþykktar júní 2023 og skal endurskoða fyrir lok maí 2027.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Framkvæmdaaðili	Tímarammi
Að jafnréttisáætlunin sé í sífældri þróun eins og önnur stefnumótun	Vinna tillögu að nýrri jafnréttisáætlun á grundvelli reynslu, verkefna og niðurstaðna kannanna	Bæjarstjórn	Starfsmenn jafnréttisnefndar	Lokið í maí 2027